

1865.

6. okt.

um hegningar fyrir glæpi á Íslandi, sem að nokkru leyti fara í bága við grundvallarreglur þær, sem farið er eptir í hinum nýju sakalögum; en þaræð það þó er óvíst, hvort eða að minnsta kosti hvenær þessi nýju lög verði löggilt á Íslandi, þá getur þetta atriði naumast verið því til fyrirstöðu, að lagasetning þeirri, sem hér ræðir um, verði fylgt fram.

Um leið og yður, herra stiptamtmaður, er sent með bréfi þessu eptirrit af frumvarpi því til tilskipunar um meðferð skipbrotsmála á Íslandi, sem embættismannafundurinn í Reykjavík hefir samið, ásamt með ástæðum þeim, er því fylgja, og um leið og skýrskotað er til bréfs kansellísisins 25. febrúarmán. 1840 og bréfs rentukammersins 2. maímán. s. á., en þau bréf standa í íslenska lagasafninu, eruð þér beðnir að skýra frá álitinu yðar, hvort yður finnist æskilegt, að tilskipun um skipreikamál komi út handa Íslandi, og ef svo er, þá hverjum breytingum þér villið stinga uppá við frumvarp þetta.

6. okt.

83. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um framfærsluhrepp Helgu Jónsdóttur.

Eptir áskorun dómsmálastjórnarinnar hefir stiptamtíð í bréfi dags. 20. júlímán. þ. á. skýrt frá álitinu sínu um skjal nokkurt, sem hingað hafði borizt; í því áfrýjar Þorvarður Ólafsson, hreppstjóri í Strandar hrepp í Borgarfjarðarsýslu, til stjórnarráðsins úrskurði, sem stiptamtíð hefir kveðið upp 7. desembermán. f. á., um að Helga Jónsdóttir, ekkja Hannesar Bjarnasonar, og börn hennar skuli eiga framfærsluhrepp í Strandarhrepp.

Af skjali þessu og fylgiskjöllum þess sést, að Hannes heitininn Bjarnason, maður ekkju þeirrar, sem hér er um rædt — en hann er fæddur 2. desembermán. 1827 á Klafastöðum í Skilmannahrepp í Borgarfjarðarsýslu, og fór þaðan með foreldrum sínum árið 1838 að Heynesi í Akraneshrepp — fluttist um vorið 1847 með foreldrum sínum að Kalastöðum í Strandarhrepp og dvaldi þar í sífelli þangað til hann fluttist suður á Akranes

1865.

6. okt.

árið 1857, en eptir það var hann í ýmsum hreppum í Borgarfjarðarsýslu og Gullbringusýslu þangað til hann andaðist árið 1863. Útaf þessu greinir hreppstjórann í Skilmannahrepp og hreppstjórann í Strandarhrepp á um, hvar beri að álíta að Hannes Bjarnason hafi átt framfærsluhrepp þegar hann andaðist; álistur hreppstjórinn í hinum fyrnefnda hreppnum, að hann hafi áunnið sér framfærsluhrepp í Strandarhrepp með því að dvelja þar í 10 ár, en hreppstjórinn í þessum hrepp er á því máli, að hann hafi átt framfærsluhrepp í fæðingarhrepp sínum, Skilmannahrepp, af því að hann að hans hyggju hafi ekki dvalið full 10 ár í Strandarhrepp. Til sönnunar máli sínu tekur hreppstjórinn í Strandarhrepp tvennt fram, í fyrsta lagi að það beri að álíta, að Hannes Bjarnason hafi átt heima á Heynesi í Akraneshrepp þangað til í fardögum (1. dag júnímán.) 1847, því faðir hans fluttist ekki fyr en þá frá jörð þessari, en hann var vinnuhjú föður síns, og verði það ekki tekið til greina, að hann kom að Kalastöðum um hjúaskildaga (14. eða 15. dag maímán.) til að vinna voryrkju þá sem vant er, og dvaldi þar í sífellu upp frá því, og í öðru lagi að hann fór frá Kalastöðum 12. dag maímán. eða tveim dögum fyrir hjúaskildaga 1857, og fór þann dag í hina nýju vist sína á Kjaransstöðum í Akraneshrepp.

Útaf þessu skal það, sem hér fylgir, yður til vitundar gefið, sjálfum yður leiðbeiningar og til þess að þér kunngjörið það hlutaðeigendum.

Hinni fyrri spurningunni, það er að segja hvort dvöl Hannesar Bjarnasonar í Strandarhrepp frá hjúaskildaga 1847 og til fardaga sama ár hafi verið svo ásigkomin, að hún verði með talin til sönnunar því, að hann hafi áunnið sér rétt til framfærslu í þeim hrepp, á að hyggju stjórnarráðsins að svara með jáyrði, þar sem hann í raun og veru dvaldi í hreppnum sem hjú þenna tíma, og það atvik, að húsbóndi hans — en það virðist að öðru leyti að vera sannað, að húsbóndinn líka hafði flutt sig í Strandarhrepp — á sama tíma hafði hina fyrri jörðina, sem liggur í öðrum hrepp, til ábúðar, og ef til vill var ekki alveg farið frá henni, getur ekki haft nein áhrif

1865.

6. okt.

á úrslit þessa atviðis. Hvað snertir hina aðra spurninguna, það er að segja, hvort það atvik, að Hannes Bjarnason fór úr vist sinni í Strandarhrepp tveim dögum fyrir hjúaskildaga eða 12. dag maímán. 1857, eigi að gjöra að verkum, að hann ekki geti álitizt hafa verið full 10 ár í Strandarhrepp, þá hlýtur stjórnarráðið að vera á því máli, að, með því að gjöra má ráð fyrir, að hann hafi verið ráðinn í vist sína í Strandarhrepp til 14. maímán., og það því ekki verður skoðað öðruvísi en sem greiðvikni af hálfu húsbónda hans, sem þá var, að honum var leyft að fara úr vistinni fáum dögum fyrir hjúaskildaga, af því að hann átti að vera formaður á bát frá byrjun vorvertíðarinnar í hinni nýju vist sinni, þá eigi þessi tilviljun ekki að vera því til fyrirstöðu, að álitid sé að hann hafi verið í vist sinni í Strandarhrepp allan þann tíma, sem samið var um, eða til hjúaskildaga 1857, smbr. einnig kansallífbref 18. aprílmán. 1843, niðurlagið.

Með því að stjórnarráðið samkvæmt því, sem nú hefir sagt verið, fær ekki betur sæð, en að Hannes Bjarnason hafi áunnið sér framfærsluhrepp í Strandarhrepp, hljótum vèr að fallast á þann úrskurð stiptamtsins, að ekkja hans og börn eigi þar framfærsluhrepp.

13 fylgiskjöl eru send aptur.

7. okt.

84. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um skilning orðanna „lausamenn“ og „húsmenn“ í tilskipun 26. maímán. 1863.

Eptir áskorun Stefáns Thórarensens, sýslumanns í Eyjafjarðarsýslu, hafið þèr, herra amtmáður, í bréfi dags. 19. janúarmán. þ. á. farið þess á leit, að með því að ekki sé ákveðið í tilskipun 26. maímán. 1863, hverja menn beri að álíta lausamenn og hverja húsmenn, þá verði þessi orð, „lausamenn“ og „hús-